

**Sp.**

**12. Tillaga til þingsályktunar**

[12. mál]

um útfærslu fiskveiðilandhelgi Íslands í 200 sjómílu.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Auður Auðuns, Ellert B. Schram,  
Friðjón Þórðarson, Geir Hallgrímsson, Guðlaugur Gíslason,  
Gunnar Gíslason, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jón Árnason,  
Lárus Jónsson, Magnús Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen,  
Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Pétur Sigurðsson,  
Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson,  
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að fiskveiðilandhelgi Íslands verði stækkuð þannig, að hún verði 200 sjómílu frá grunnlínunum allt í kringum landið, og komi stækkunin til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 1974.

Þar sem skemmrá er milli Íslands og annarra landa en 400 sjómílu, skal í samræmi við alþjóðlegar venjur miðað við miðlínur milli landa.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leggja fyrir þingið frumvarp um þær breytingar á lögum, sem nauðsynlegar eru vegna útfærslu í 200 sjómílu.

Alþingi leggur nú sem fyrr áherslu á nauðsyn þess, að settar séu strangar reglur um verndun fiskistofna til þess að tryggja sem best hagnýtingu þeirra og koma í veg fyrir ofveiði og að þeim reglum verði fylgt eftir með festu.

**Greinargerð.**

Síðan Alþingi samþykkti 15. febrúar 1972 útfærslu íslenskrar fiskveiðilandhelgi í 50 sjómílu, hefur þróunin um viðáttu landhelgi verið afar ör. Þegar undirbúningsfundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk í ágúst mánuði 1973, var það mat hinna fróðustu manna, að meiri hluti ríkja heims væri orðinn fylgjandi 200 mílna efnahags- eða auðlindalögsögu, en slík lögsaga felur meðal annars í sér fiskveiðilögsögu. Rétt til að sækja ráðstefnuna hafa um 150 þjóðir, en gert er ráð fyrir, að milli 130 og 140 þeirra muni taka þátt í henni. Eftir könnun á viðhorfi ríkja er talið, að 80 ríki hið fæsta og allt að 100 ríkjum muni styðja 200 mílu.

Eftir þann áfanga fyrir rúmu ári, er fært var út í 50 mílu, er það brýn nauðsyn að færa fiskveiðilandhelgina sem fyrst langt út fyrir þau mörk, svo að hún nái yfir allt landgrunnið. Mörg verðmæt fiskimið liggja á landgrunninu utan 50 sjómílna. Er okkur því nauðsynlegt að ráða vernd og veiðum langt út fyrir 50 mílu.

Það hefur verið stefna Íslendinga að fá yfirráð yfir öllu landgrunninu út að ystu mörkum þess. Til þess að ná þessu markmiði er nú sigurvænlegast að styðja

**200 mílna stefnuna og framkvæma hana.** Þær þjóðir, sem vilja víðáttumikla landhelgi, en hafa mismunandi stórt landgrunn, virðast geta sameinast um 200 mílur. Þar sem við mundum með þeirri leið fá þau fiskimið, sem mestu skipta, og 200 mílurnar ná yfir landgrunnið og sums staðar lengra, samræmist það fyllilega íslenskum hagsmunum að taka upp þá stefnu.

Fyrirhugað er, að hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna verði haldin á næsta ári. Sumir spá því, að henni muni ekki ljúka fyrr en eftir 2—3 ár eða jafnvel síðar. Tvo þriðju atkvæða þarf til, að ályktun verði bindandi fyrir alla, en auk þess þurfa allmörg ríki að fullgilda hana, til þess að alþjóðasamningur komist á, er gildi sem alþjóðalög. Um slíka niðurstöðu er mikil óvissa, og hætta á, að langur tími líði, uns það gæti legið fyrir. Eftir því getur íslenska þjóðin ekki beðið. Til þess er allt of mikið í húfi. Nægilega traustur grundvöllur liggur þegar fyrir undir útfærslu í 200 mílur á næsta ári. Hér skulu nefnd helstu rök:

1. Lífsnauðsyn íslensku þjóðarinnar á að vernda þau fiskimið, sem tilvera hennar byggist á.
2. Sú viðurkennda þjóðréttarregla, að strandríki eigi allar auðlindir í hafsbotni á landgrunni sínu, — og full rök liggja til þess, að hið sama skuli gilda um verðmæti í sjónum yfir hafsbotninum.
3. Samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 18. desember 1972 um, að strandríki skuli eiga rétt til náttúruauðæfa í hafinu yfir landgrunninu.
4. Vitneskjan um, að meiri hluti þjóða heims styður 200 mílna efnahags- og auðlindalögsögu.

Þar sem skipta þarf hafsvæðum eða hafsbotni milli landa, er það alþjóðleg regla að miða við miðlinur milli landanna. Til Grænlands eru um 160 sjómílur og til Færeyja um 210 sjómílur.

Landgrunnslögunum, nr. 44 frá 1948, þarf að breyta til samræmis við þá stefnu, sem hér er mörkuð, og gerir tillagan ráð fyrir því, að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa þá lagabreytingu og leggja fyrir Alþingi.

Verndun og friðun fiskistofna er okkur Íslendingum lífsnauðsyn. Það þarf að gera stærra átak í þeim efnium en gert hefur verið til þess að tryggja sem best skynsamlega hagnýtingu fiskistofnanna. Með tillögunni er lögð áhersla á, að svo verði gert. Að því er snertir skilning á málstað okkar með öðrum þjóðum og stuðning við hann frá þeirra hendi, eru öflugar friðunaraðgerðir grundvallaratriði.

Það er eindregin ósk og von flm. þessarar þáttill. að till. fái stuðning frá öllum stjórnmalaflokkum og að samstaða náist á þingi og með þjóðinni um þetta stórmál.

Á fundi þingflokks og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins 30. ágúst s. l. var gerð svohljóðandi ályktun um þetta mál:

„Þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins álykta:

Það hefur verið yfirlýst stefna Sjálfstæðisflokksins, að fiskveiðilögsaga Íslands eigi að ná yfir allt landgrunnið út að ystu mörkum þess með öllum fiskimiðum umhverfis landið. Útfærslan í 50 mílur er áfangi á þeirri leið.

Á síðasta landsfundi flokksins, í maímánuði 1973, var landgrunnstefnan enn ítrekuð og samþykkt, að fulltrúum Íslands á hafréttarráðstefnunni verði falið að vinna ótullega að fullri viðurkenningu ríkja heims á rétti strandríkis til að stjórna og nytja lífræn auðæfi landgrunnshafsins allt að 200 mílum.

Á undirbúningsfundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem nú er nýlokið, hefur það komið í ljós, að 200 mílna efnahagslögsaga nýtur fylgis meiri hluta þátttökuríkja.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, telja þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins nauðsyn á nýrri ákvörðun af hálfu Íslendinga um víðáttu fiskveiðilögsögunnar, áður en sjálf hafréttarráðstefnan hefst, og lýsa yfir eindregnum stuðningi við 200 mílna fiskveiðilögsögu, en miðað verði við miðlinu milli landa, þar sem vegalengd er minni en 400 mílur.

**Þingflokkur og miðstjórn telja rétt, að fiskveiðilögsagan verði færð út í 200 mílur eigi síðar en fyrir árslok 1974.**

**Sjálfstæðisflokkurinn óskar nú sem fyrr þjóðareiningar um landhelgismálið og mun leita samstöðu á Alþingi um útfærsluna í 200 mílur.“**